

Ed.

779. Framvarp

til laga um breyting á lögum nr. 1, 2. jan. 1917, um breyting á lögum nr. 17, 3. okt. 1903, um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands.

Frá launamálanefnd.

Fyrri málsliður 2. gr. hljóði svo:

Ráðherrar hafa 10000 kr. í árslaun. Auk þess skal sá ráðherrann, sem er forseti ráðuneytisins, hafa leigulausan bústað og 4000 kr. í risnufje á ári.

Greinargerð.

Þar sem telja má víst, að laun allra embættismanna landsins verði hækkuð á þessu þingi, virðist eigi síður þörf á að laun ráðherranna sjeu hækkuð eitthvað frá því, sem nú er, sem og fje það, sem ætlað er til risnu.